

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Nafn skóla: Krikaskóli

Nafn verkefnisins: Ég get, ég veit, ég vil og mig langar að framkvæma

Nafn verkefnisstjóra: Soffía Fransíska Rafnsdóttir Hede

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 185-2016-2017

☒ **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

- Að efla samstarf grunnskóla og Frístundar enn frekar og koma á námsmati i Frístund
- Að bjóða börnum upp á fjölbreytt frístundastarf eftir að skólastarfi lýkur. Þar sé unnið út frá áhugasviði barnanna. Hvert barn fær að velja sér verkefni við hæfi og eftir áhugasviði og með verða þau að virkum þátttakendum í sínum frítíma. Einnig að þau séu hvött til að stjórna námskeiðum er falla að þeirra aldri og þroska (jafningafræðsla).
- Að geta boðið upp á fjölbreytt námskeið eins og Legókubbanámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið, tónlist, íþróttir, sundnámskeið, myndlistasmiðju, jóga, tölvunámskeið, forritun og sköpun hvers konar.
- Að efla samstarf við nærsamfélagið, eins og t.d. íþróttafélag, listaskóla og aðila sem koma að forvarnarstarfi
- Að vinna með styrkleika hvers og eins, efla sjálfsmýnd og sjálfstraust og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og umhverfinu.
- Að æfa börnin í virkri þátttök í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta sé gert m.a. með innleiðingu jákvæðs aga, þar sem bekkjarfundir verða að Frístundarþingi sem hefur áhrif á starf Frístundarinnar. Þannig geti börnin fundið og treyst því að þau hafi áhrif, að á þau sé hlustað, að þau geti haft áhrif á nám sitt og frístundir.
- Að kennarar og starfsfólk hafi tækifæri til að sækja sér námskeið sem geti nýst þeim í skipulagningu og starfi á nýjum hópum.
- Að semja skólanámskrá fyrir frístundastarfið sem geri tengingu við skólastarfið ljósari. Starfsmannahandbók sé endurmetin í þessu samhengi. Krikaskóli er skóli án aðgreiningar. Því er lögð áhersla á samvinnu barnanna og einstaklingsþarfir þeirra, með það að leiðarljósi að börn fái jafnan rétt til náms óháð kyni og andlegu atgervi. Þetta á einnig við um frístundir, en þar þarf að vera framboð af fjölbreyttri frístundaiðju til að hver og einn geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

☒ **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Námskeið fyrir kennara og starfsfólk sem sinna frístundastarfi.

Fundur var haldinn í byrjun skólaárs til að heyra óskir og hugmyndir starfsfólks. Starfsfólki stóð síðan til boða yfir veturinn að sækja sér ýmis námskeið, bæði á vegum Mosfellsbæjar, skólans sjálfs eða annarstaðar t.d. fóru nokkrir starfsmenn á námskeið í teymisvinnu, námskeiði um útikennslu o.fl. Verkefnastjóri fór svo á námskeið bæði innanlands og erlendis sem nýtist vel í starfi með ungum börnum.

Þá var sérstaklega kallað eftir námskeiðum fyrir frístundastarfsfólk sem hluta af fræðsludegi Mosfellsbæjar.

Haldinn var fundur í byrjun vetrar þar sem starfsfólk kom með hugmyndir að þeim klúbbum sem þau óskuðu eftir að stýra. Eftir það voru t.d. settir á laggirnar Pokémon klúbbur, spilaklúbbur þar sem

unnið var með hetjuspil og LARP, fótoltamót og tölvuteikning. Þá gátu foreldrar keypt legónámskeið sem kom í skólann á frístundartíma fyrir börnin sín. Einnig var rætt um kvikmyndaklúbb sem gæti t.d. gert kynningarmyndband um skólann eða kvikmyndir. Í vikunni 12.-16.júní var 3. og 4.bekk boðið upp á að velja kvikmyndaklúbb alla morgna, þar sem ekki var hefðbundin kennsla þá viku. Unnið var kynningarmyndband fyrir erlenda gesti á ensku – sem nýtt var við móttöku gesta í Erasmus samstarfi sem skólinn er í. Kynningarmyndbandið vakti mikla lukku gesta.



Námsskrá:

Markmið: Að semja skólanámskrá fyrir frístundastarfið sem geri tengingu við skólastarfið ljósari. Starfsmannahandbók fyrir frístundastarfið sé endurmetin í þessu samhengi.

Þetta markmið náðist með því að verkefnastjóri fór yfir starfsmannahandbók og námskrárhluata sem snúa að frístundastarfi og eru endurskoðaðar útgáfur af því aðgengilegar nú.

Jákvæður agi, frístund og valtafla:

Fræðsla um starf frístundapings: reglulegir fundartímar, kosningar fyrir 1.október. Haldnir voru kynjaskiptir fundir með 3. og 4.bekk til að heyra þeirra hugmyndir um hvað væri gott og hvað mætti bæta. Ákveðið var að hafa þessa fundi til að skoða m.a. hvort að frístundin væri strákamiðuð. Fundargerðir eru til af fundunum með börnunum.

Þá var haldið skólaping fyrir börn í 4. bekk með þjóðfundarsniði í lok vetrar þar sem margt kom fram sem unnið var með í frístundinni yfir veturinn. Börnin komu með ábendingar um skipulag, viðfangsefni sem og styrkleika og veikleika starfshópsins. Þessar ábendingar eru mikilvægar fyrir áframhaldandi þróun skólastarfsins í Krikaskóla.

Einnig var mikið samstarf við foreldra allan veturinn. Samstarfið var bæði með formlegum hætti með fréttabréfum og tölvupóstum en einnig óformlegt með daglegum samskiptum. Foreldrar koma mikið í skólann – sækja börnin sín og eru því í samskiptum við starfsmenn. Mörg börnin eiga yngri systkini í skólanum sem tengir skólasamfélagið enn betur saman.

Regluleg uppfærsla á valtöflu með nýjum hópum, skipulag endurskoðað í nóvember. Reglulega var farið yfir valtöfluna, og bæði börn og starfsfólk innt eftir hugmyndum um nýja klúbba. Meðal þess sem kom úr þeirri vinnu var að búið var til slím, Pokémonklúbbur, dansklúbbur þar sem börn kenndu jafnöldrum og yngri börnum dansa og sýndu, jógaklúbbur sem börn héldu fyrir 3 ára börn o.fl. Samstarf við leikskólann hefur eflst en nokkur af eldri börnunum stóðu fyrir klúbbum þar sem yngri börnunum var boðin þátttaka. Stundum komu fram ábendingar hjá börnunum eins og þegar 3ja ára börnum var sérstaklega boðið í jóga – kennslu „þar sem þau þyrftu að slaka á“. Aðrar leiðir voru varðandi aðstoð inn í starf leikskóla – með stuðningi við matarborð, leika við yngri börnin eða önnur aðkoma sem er vinsælt val hjá eldri börnunum.



Samstarf við listaskóla, Aftureldingu og forvarnaraðila

- Fundir fjórum sinnum yfir skólaárið. Haldinn var samráðsfundur í maí. Þá voru kallaðir saman fulltrúar frá Íþróttafjöri (Aftureldingu), Listaskólanum, Myndlistaskólanum og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar. Mikil ánægja var meðal þátttakenda um þennan fund. Fundurinn ályktaði meðal annars um ferðir frístundarútunnar og hvernig megi auglýsa betur allt frístundarstarf í bænum og sendi fulltrúa fræðsluviðs. Þá var ákveðið að hittast aftur að hausti. Nú þegar er komið á aukið samstarf við Listaskólann um tónlistarkennslu inni í skólanum eftir þennan fund.

- Kynningar og fræðsla frá forvarnaraðilum. Í grunnskólanum hafa reglulega komið forvarnaraðilar, t.d. frá slökkviliðinu og lögreglunni og kynnt börnunum sína starfsemi. Þá hefur öryggisfulltrúi starfsfólks haldið stutta fyrirlestra fyrir börnin. Fjallað hefur verið um náttúruógn og aðra ógn – eftir þörfum með barnahópnum enda mikilvægt að börnin séu örugg með viðbrögð í ýmsum aðstæðum.
- Aukið samstarf við umsjónakennara. Starfshópur frístundar og umsjónakennarar fundi allavega tvisvar yfir skólaárið. Þá verði frístund með markvisst mat fyrir foreldraviðtöl sem umsjónakennarar taka á mót og miðla til foreldra. Verkefnastjóri frístundar og teymisstjórar grunnskólaleyta funduðu einu sinni og ræddu þau mál sem varða frístundastarfið. Það var gert eftir foreldraviðtöl að hausti þar sem útgangspunkturinn er líðan barnanna í skólanum. Þá var gert ráð fyrir að verkefnastjóri frístundar sæti yfirlitsfundi um foreldrafundina með stjórnendum og umsjónakennurum en það gekk ekki vegna forfalla verkefnastjóra. Verkefnastjóri sat hálfsmánaðarlega kennarafundi með skólastjórnendum, umsjónarkennurum, leikskólakennurum og þroskaþjálfum – þar sem farið er yfir ýmis málefni sem varða samþættingu og samfellu í skólastarfinu.

Fyrir foreldraviðtöl að vori gerðu börnin sjálfsmat þar sem þau mátu umgengi og samskipti og sögðu hvað þau höfðu prófað að gera í frístund. Þá mat frístundakennari einnig umgengni og samskipti barnsins. Þetta mat fengu foreldrar í foreldraviðtalinu.



▣ Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið þróaðist mikið á þeim tíma sem það stóð. Kom það til meðal annars vegna fjölgunar barna með flóknar þarfir, sem þýddi stærri starfsmannahóp. Þá má nefna sem dæmi frístundþingið sem varð að kynja- og aldursskiptum fundum. Flókin verkefni geta gert skipulagningu erfiðari og fleira sem þarf að samþætta til að ná markmiðum. Starfshópurinn hefur eflst í að setja sér sameiginleg markmið og ná þeim en markvisst þarf að vinna að því áfram.

☒ **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Tímaskortur og forföll eru helsta hindrun verkefnisins. Þá hefur verið hindrun í því að erfitt hefur reynst að finna tíma þar sem umsjónakennarar og starfsfólk frístundar hefur getað hist og rætt málin þar sem hóparnir eru ekki með undirbúningstíma á sama tíma. Því hefur frekar verið þannig háttáð að það samtal fari fram í gegnum verkefnastjóra frístundar. Áætlað er að endurskoða þau mál og gert er ráð fyrir betri tíma fyrir teymisstjóra til að sinna ýmsum samstarf og samþættingarverkefnum skólaárið 2017-2018.

Í Krikaskóla eru starfsmenn sem sinna frístundastarfi einnig starfsmenn skólans. Þeir eru margir kennarar við skólann s.s. í list- og verkgreinum eða stuðningsfulltrúar. Þar sem skólinn er lítill eru þessi störf öllu jöfnu ekki 100% stöðugildi og því eru þau samsett. Þetta þýðir líka að starfsfólk tilheyrir fleiri en einu teymi. Þegar teymin hafa tækifæri til að hittast t.d. á skipulagsdögum er því oft erfitt að fá hópinn saman og því nauðsynlegt að hópurinn fái að funda utan hefðbundins vinnutíma til að allir geti sótt fundina.

☒ **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Helsti ávinningur af verkefninu eru þeir klúbbar sem urðu til. Þeir eru tvenns konar, klúbbar sem spretta af hugmyndum og áhuga starfsfólks og þeir sem spretta af hugmyndum og áhuga barna. Oftar en ekki voru klúbbarnir eitthvað sem vakti áhuga bæði barna og einhvers/einhverra innan starfsmannahópsins. Þannig hefur verið meira virkni innan starfsmannahópsins að búa til og halda utan um hópa sem verða til út frá hugmyndum barnanna.

Markvisst hefur verið unnið með útikennslu eða nám barna. Þau hafa unnið með eldun, listsköpun, tálgun og fjölbreytt önnur verkefni undir handleiðslu útikennara skólans.

Skipulagsbreyting var einnig gerð fyrir skólaárið 2017-2018 með áherslu á klúbbastarf og virkni starfsmanna. Mikilvægt er að dreifa barnahópnum betur um skólann og vinna með fleiri svæði hans. Ekki er æskilegt að of mörg börn séu á litlu svæði sem stundum er þó nauðsynlegt. Við stefnum þó að því að minnka þau tilvik.

☒ **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Já. Oft er t.d. verið að vinna með mál sem koma upp í frístund í gegnum skóladaginn. Samstarf og samráð er því mikilvægt við úrvinnslu mála. Sökum þess að um er að ræða lítinn skóla getur þetta samráð átt sér stað á stað og stund sem flýttir úrlausn. Önnur mál þurfa meiri úrvinnslu með fundum eða formlegri hætti.

Ljóst er að nokkur munur er á milli frístundar og grunnskóla, enda markmiðin önnur og ekki er unnið eftir aðalnámskrá eða annarri heildstæðri reglugerð í frístund. Samþykktir eru til fyrir frístundastarfi hjá Mosfellsbæ en þær ná skammt er varða innihald. Unnið er að samræmdum markmiðum og viðmiðum af starfshópi sem leiddur er af Ragnari Þorsteinssyni verkefnisstjóra á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila. Gott verður að fá slík samræmd viðmið inn í þróun frístundastarfsins í Krikaskóla.

📄 **Niðurstöður verkefnisins:** T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Mikilvægt er að hlustað sé á börnin, þau virkjuð og það sé samstarf milli barnanna og starfsfólks. Vinsælustu verkefni í frístund, spilaklúbbur, Pokémonklúbbur og fótoltamót eru til marks um klúbba sem urðu til eftir að börnin komu með hugmyndir sem áhugasamt starfsfólk nýtti sér til að búa til klúbba. Barnalýðræði virkar!

Aðilar sem koma að frístundastarfi í Mosfellsbæ töldu þörf vera á því að vera í samráði. Þegar hefur verið komið á auknum fundum milli skólanna í bænum, kallað eftir óskum þeirra um námskeið fyrir starfsfólk frístundar á fræðsludegi Mosfellsbæjar. Þá er komið á aukið samstarf milli Krikaskóla og Listaskóla Mosfellsbæjar þar sem börn geta fengið tónlistarkennslu frá kennurum Listaskólans í skólanum.

Starfið er í stöðugri þróun og ýmsar breytingar hafa orðið á starfinu í haust vegna þessa verkefnis.

Í dag hefur frístundin fengið annan stað í húsinu, við höfum sett meiri áherslu á útiveru og útismiðjur fram í október. Boðið verður upp á fjölbreytt verkefni á útsvæði – bæði í leikjum og listsköpun.

Þá höfum við tekið upp nýtt valkerfi, núna velja börnin heima í gegnum netið með aðstoð foreldra hvað þau vilja gera í frístund næstu viku. Þannig sjáum við skýrt hvaða smiðjur og klúbbar eru vinsælir og þar sem við setjum ekki fjöldatakmörkanir í hóp er ekki fullt í hópinn sem þú velur, heldur reynt að bæta frekar inn starfsmanni eftir fjölda. Samstarf við foreldra um valið er einnig mikilvægt. Foreldrar taka þátt í starfinu og sjá viðfangsefni barnanna – val þeirra og áhuga.

- *Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?* - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

- Að efla samstarf grunnskóla og frístundar enn frekar og koma á námsmati í frístund.

Já, komið var á fundum milli aðila og samskiptin styrktust þó ekki hafi verið komið á reglubundnum fundum fyrr en nú í haust. Þá var námsmat unnið en það þarf áfram þróunar við.

- Að bjóða börnum upp á fjölbreytt frístundastarf eftir að skólastarfi lýkur. Þar sé unnið út frá áhugasviði barnanna. Hvert barn fær að velja sér verkefni við hæfi og eftir áhugasviði og með verða þau að virkum þátttakendum í sínum frítíma. Einnig að þau séu hvött til að stjórna námskeiðum er falla að þeirra aldri og þroska (jafningafræðsla).

Já, þetta náðist. Börn buðu t.d. upp á dansnámskeið, íþróttanámskeið, og áttu frumkvæði að klúbbum eins og Pokémonklúbbi og spilaklúbbi. Sjálfstæði þeirra og tækifæri til að hafa áhrif á starfið var aukið en mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram.

- Að geta boðið upp á fjölbreytt námskeið eins og Legókubbanámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið, tónlist, íþróttir, sundnámskeið, myndlistasmiðju, jóga, tölvunámskeið, forritun og sköpun hvers konar.

Boðið var upp á legónámskeið fyrir þau börn sem áhuga höfðu.

Þá voru á vordögum þemadagar þar sem hluti kennara sáu um námið í eina viku en umsjónarkennarar sinntu öðrum verkum. Boðið var upp á námskeið eins og jóga, ritsmiðju, LARP (Live Action Role Playing – hlutverkaleik), Leikur að læra, rytmasmiðju, leiklist, kvikmyndagerð o.fl. Við fengum til okkar gestakennara sem héldu utanum námskeið fyrir börnin til viðbótar við það sem kennarar skólans lögðu til. Þessi vika var skemmtileg viðbót og tilbreyting í skólastarfi. Mat verður lagt á hvort við höldum áfram á þessari braut með þemaviku sem leidd er af kennurum sem koma að starfi í frístundinni að öllu jöfnu.

- Að efla samstarf við nærsamfélagið, eins og t.d. íþróttafélag, listaskóla og aðila sem koma að forvarnarstarfi.

Já, komið var á samstarfi sem verður framhaldið næsta haust.

- Að vinna með styrkleika hvers og eins, efla sjálfsmynd og sjálfstraust og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og umhverfinu.

Já, þetta var t.d. gert með því að aðstoða börnin við að koma sínum klúbbum í framkvæmd með stuðningi starfsmanna. Útikennsla var einnig virkur þáttur í uppbyggingu á umhverfisvitund þeirra.

- Að æfa börnin í virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta sé gert m.a. með innleiðingu jákvæðs aga, þar sem bekkjarfundir verða að frístundarþingi sem hefur áhrif á starf frístundarinnar. Þannig geti börnin fundið og treyst því að þau hafi áhrif, að á þau sé hlustað, að þau geti haft áhrif á nám sitt og frístundir.

Já. Þetta var gert bæði með árgangafundum og kynjaskiptum fundum þar sem var rætt við mismunandi hópa til að heyra þeirra sjónarmið.

- Að kennarar og starfsfólk hafi tækifæri til að sækja sér námskeið sem geti nýst þeim í skipulagningu og starfi á nýjum hópum.

Já. Kennarar í frístund sóttu m.a. námskeið í teymisvinnu og útikennslu ásamt allri þeirri fræðslu sem þeim stóð til boða á vegum skólans.

- Að semja skólanámskrá fyrir frístundastarfið sem geri tengingu við skólastarfið ljósari. Starfsmannahandbók sé endurmetin í þessu samhengi. Krikaskóli er skóli án aðgreiningar. Því er lögð áhersla á samvinnu barnanna og einstaklingsþarfir þeirra, með það að leiðarljósi að börn fái jafnan rétt til náms óháð kyni og andlegu atgervi. Þetta á einnig við um frístundir, en þar þarf að vera framboð af fjölbreyttri frístundaiðju til að hver og einn geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Já, þetta gerði verkefnastjóri frístundar í samráði við skólastjórnendur, verður aðgengilegt í endurskoðaðri skólanámskrá. Markmiðin eru ólík þeim í aðalnámskrá þar sem í frístundastarfi er meiri áhersla á frelsi til leiks og athafna.

Verkefnið mun halda áfram þar sem starfið er í stöðugri þróun. Meðal nýjunga í haust eru ný staðsetning frístundar, meiri áhersla á útiveru og útismiðjur, rafrænt val verkefna fyrir vikuna, aukin áhersla á klúbbastarf og virkni starfsmanna. Eins ætti að nást virk samvinna milli verkefnastjóra og teymisstjóra grunnskóla.



☑ **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Kynning haldin fyrir starfsfólk Krikaskóla á starfsdegi skólaárið 2017-2018.

Kynning haldin fyrir aðra frístundastarfsmenn í Mosfellsbæ, áætlað í september 2017

Grein skrifuð í fagtímarit veturinn 2017-2018

☑ **Rekstrarreikningur** (Sjá meðfylgjandi)

Mosfellsbær, 30. ágúst 2017

Soffía F. Rafnsdóttir Hede

Verkefnastjóri

Þrúður Hjelm

Skólastjóri Krikaskóla